

Námsáætlun fyrir Hönnun og smíði - 5. bekkur
skólaárið 2019 – 2020



Kennari: Ásdís Erla Guðjónsdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í eina önn

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk	<p>Nemendur þurfa að öðlast hæfni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velja og nota á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki. • Gera grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni. 	<p>Nemendur vinna hluti úr timbri þar sem reynir á notkun helstu verkfæra smíðastofunnar.</p> <p>Unnið er með ýmsar viðartegundir og nemendur kynnast þeim við vinnu sína. Uppruni þeirra og notagildi kannaður með aðstoð veraldarvefsins.</p>	<p>Að mestu er stuðst við símat, þ.e. kennarinn metur nemandann og hans vinnu eftir hvern tíma.</p>
Hönnun og tækni	<ul style="list-style-type: none"> • Útskýra hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu. • Velja samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum. 	<p>Nemandi teiknar upp sínar hugmyndir og málsetur, með aðstoð kennara útfærir hann hugmyndina.</p> <p>Með aðstoð kennara velur nemandi þær samsetningar sem hæfa hverju verkefni og yfirborðsmeðferð þeirra.</p>	
Umhverfi	<ul style="list-style-type: none"> • Gera sér grein fyrir hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni. • Útskýra réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað 	<p>Við vinnu á verkefnum er ávallt leitast við að nýta efnið sem best. Mikið er unnið með afganga og það sem til fellur í smíðastofunni. Við flokkum og endurnýtum það sem til fellur.</p> <p>Kennarinn leiðbeinir nemanda við vinnuna og hvernig best er að beita líkamanum við vinnu.</p>	

Námsgögn:

Unnið er með ýmsar fyrirmyndir að verkefnum bæði í eigu skólans og af veraldarvefnum

Lokanámsmat:

Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D.